

III. Eyrarbakkavegur:**124**

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss. 15. júlí
- B. *Hámarkshraði* á þeim hluta vegarins, sem telst aðalbraut, er 35 km/klst.

IV. Vesturlandsvegur:

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg á Ártúnshöfða að vegamótum við Þingvallaveg að þeim meðtöldum.
- B. *Hámarkshraði* frá vegamótum við Suðurlandsveg að Grafarholti 60 km/klst.

V. Vegir um Þjóðgarðinn á Þingvöllum:

- Hámarkshraði* á Þingvalla-, Sogs- og Uxahryggjavegi innan girðinga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum er 50 km/klst.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 50. og 65 gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin öll eldri ákvæði, sem í bága fara við auglýsingu þessa.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING**125**

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

15. júlí

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir og lögum nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. auglýsingu nr. 120 13. júlí 1960, um skipulag í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., bls. 167—185), nema 4. gr., en þar kemur ný málsgrein, sem verður 4. gr. 1.a., svo hljóðandi:

Ekki má reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins, nema samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar komi til. Öll mannvirki skulu staðsett og mörkuð í samræmi við heildarskipulag hverrar byggðar og skulu landeigendur bundnir slíku skipulagi um skiptingu landssvæðis undir íbúðarhús eða önnur mannvirki. Byggingarnefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá slíku skipulagi með byggingar á lögbýlum sem eingöngu eru miðaðar við þarfir búrekstursins og skal þá hafa samráð við Teiknistofu landbúnaðarins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.

Emil Jónsson.

Gunlaugur Þórðarson.